

**REGLUGERÐ EVRÓPUPÍNGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 807/2004**

2008/EES/45/37

frá 21. apríl 2004

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð  
Bandalagsins á sviði samevrópskra neta (\*)**

EVROPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrstu málsgrein 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup> ,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup> ,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup> ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nefnd háttsettra embættismanna um samevrópska flutninganetið, undir forsæti Karels Van Miert, lýsti áhyggjum sínum af því að tafirnar, sem orðið hafa á forgangsverkefnum samevrópska flutninganetsins (TEN) á þeim köflum sem ná yfir landamæri, hefðu neikvæð áhrif á arðsemi fjárfestinga aðildarríkjanna á köflum innanlands og kæmu í veg fyrir að þau fengju að njóta stærðarhagkvæmninnar. Nefndin mælti með því að fjármögnumnarhlutfall Bandalagsins yrði mismunandi, allt eftir því hver ávinningur annarra landa væri, einkum nágrannalandanna, og lagði áherslu á að framkvæmdir, sem ná yfir landamæri og nýtast fyrirtækjum í langflutningum, skyldu fyrst í stað njóta ávinningsins af þessum mismun. Enn fremur skal fjármögnumnarhlutfall Bandalagsins vera mismunandi eftir því að hve miklu leyti efnahagslegur ávinnungur verkefnisins er meiri en fjárhagsleg arðsemi þess.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórd. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum svíðum utan marka fírþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 24..

(<sup>1</sup>) Stjórd. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 316 og (Stjórd. EB C 151 E, 25.6.2002, bls. 291).

(<sup>2</sup>) Stjórd. EB C 125, 27.5.2002, bls. 13.

(<sup>3</sup>) Álit Evrópupingsins frá 2. júlí 2002 (Stjórd. ESB C 271 E, 12.11.2003, bls. 163), sameiginleg astaða ráðsins frá 24. febrúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórmártíðindum ESB) og astaða Evrópupingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

2) Í þessu skyni lagði nefnd háttsettu embættismannanna til hækjun á hlutfalli Bandalagsaðstoðar til að stuðla að því að lokið yrði við tengingar forgangsverkefna sem ná yfir landamæri og bætti því við að áhrif slíkra breytinga á fjárhagsáetlunina yrðu takmörkuð. Þegar þessu er hrundið í framkvæmd ber að hafa í huga að nauðsynlegt er að beina fjármagni samevrópska flutninganetsins í lykilverkefni en viðurkenna jafnframt þörfina fyrir áframhaldandi fjárstuðning við verkefni sem ekki eru á forgangslista.

3) Sá möguleiki skal vera fyrir hendi að standa við skuldbundnar fjárveitingar með árelgum afborgunum en byggja þær um leið á víðtækum, lagalegum skuldbindingum til margra ára.

4) Tímabundin hækjun á hlutfalli Bandalagsaðstoðarinnar getur orðið aðilum hvatning til að hraða framkvæmd forgangsverkefna, sem þessi reglugerð tekur til, og gera hana skilvirkra.

5) Þegar stofnað er til samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila (eða annarrar tegundar samvinnu milli hins opinbera og einkageirans) er gerð sú krafa til stofnanafjárfesta að þeir taki á sig fastar fjárhagsskuldbindingar sem eru nægilega álitlegar til að virkja einkafjármagnið. Með því að veita fjárhagsaðstoð til margra ára getur Bandalagið eytt óvissu sem hægir á allri verkefnaprórun. Því ber að gera ráðstafanir til að veita verkefnum, sem valin eru á grundvelli laglegra skuldbindinga til margra ára, fjárhagslegan stuðning.

6) Tengingar yfir landamæri milli orkuneta eru mikilvægar til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins, öryggi framboðs og hámarksnytingu orkugrunnvirkisins. Forgangsverkefni vegna orkuneta, sem eru nauðsynleg evrópsku efnahagslífi en óarðbær út frá viðskiptalegu sjónarmiði og sem raska ekki samkeppni milli fyrirtækja, eiga því einnig rétt á hærri fjárhagsaðstoð. Aðstoð þessi varðar forgangsverkefni vegna orkuneta.

7) Aðlaga ber reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 <sup>(4)</sup> þannig að tillit sé tekið til ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(5)</sup>.

(<sup>4</sup>) Stjórd. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 (Stjórd. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1).

(<sup>5</sup>) Stjórd. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2236/95 til samræmis við það.

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Þegar um er að ræða verkefnin, sem um getur í 3. mgr., og innan ramma þessarar reglugerðar, skulu lagalegu skuldbindingarnar vera til marga ára og standa skal við skuldbundnu fjárveitingarnar með árlegum afborgunum.“,

*1. gr.*

2. eftirfarandi bætist við í 13. gr.:

Reglugerð (EB) nr. 2236/95 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

- a) eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3. Heildarfjárhæð Bandalagsaðstoðarinnar samkvæmt þessari reglugerð skal ekki fara yfir 10% af heildarfjárfestingarkostnaðinum, óháð því hvaða stuðningsleid er valin. Heildarfjárhæð Bandalagsaðstoðarinnar getur þó, í eftirfarandi undantekningartilvikum, numið allt að 20% af heildarfjárfestingarkostnaðinum:

- a) í verkefnum er varða staðsetningar- og leiðsögukerfi um gervihnött, eins og kveðið er á um í 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins (\*),

- b) í forgangsverkefnum vegna orkuneta,

- c) í verkefnapháttum sem varða evrópska hagsmuni og eru tilgreindir í III. viðauka við ákvörðun nr. 1692/96/EB, að því tilskildu að hafist sé handa við verkefni fyrir árið 2010, í því skyni að útrýma flöskuhálsun og/eða ljúka við kafla sem vantar, ef þeir ná yfir landamæri eða liggja yfir náttúrulegar hindranir, og stuðla að samruna innri markaðarins í stækkuðu Bandalagi, efla öryggi, tryggja rekstrarsamhæfi innlendra neta og/eða stuðla eindregið að því að draga úr ójafnvægi milli flutningsmáta, umhverfisvænstu flutningsmátnum í hag. Hlutfall þetta skal vera mismunandi eftir því hver ávinningur annarra landa er, einkum nærliggjandi aðildarríkja.

„4. Ef viðkomandi framkvæmd er ekki lokið tíu árum eftir að fjárhagsaðstoð var veitt getur framkvæmdastjórnin krafist þess að greidd aðstoð verði endurgreidd, með tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar og að teknu tilliti til allra þáttu þessu viðkomandi.“,

3. í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

*,17. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Fjárfestingarbanki Evrópu skal tilnefna fulltrúa án atkvæðisréttar í nefndina.

3. Þegar vísað er til þessarar greinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (\*) með hliðsjón af ákvæðum 8. gr.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtfð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

4. eftirfarandi bætist við 18. gr.:

„Úthlutun fjármuna skal tengjast því hvernig framkvæmdinni er háttáð og hvernig henni miðar áfram.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(\*) Stjtfð. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 1346/2001/EB (Stjtfð. EB L 185, 6.7.2001, bls. 1).“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.  
Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. ROCHE

*forseti.*

---